

Umboðsmaður barna

Borgartún 7b
105 Reykjavík

**Efni: Loftbrú**

Vísað er til bréfs frá umboðsmanni barna dags. 31. október 2022 þar sem umboðsmaður benti á ójafnræði milli foreldra sem annars vegar fara með forsjá barna og hins vegar foreldra sem ekki fara með forsjá barna en börn hafi rétt til þess að umgangast.

Í lok janúar 2020 skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra starfshóp til þess að útfæra greiðslupátttöku ríkisins í farmiðum íbúa á landsbyggðinni á þann veg að hún yrði með sambærilegum hætti og framkvæmd skoskra stjórnvalda á þessu sviði (Air Discount Scheme) þ.e. útfæra greiðslupátttökuna með hina svokölluðu “skosku leið” sem fyrirmynd. Verkefnið snýr að því að veita styrk til flugsamgangna í formi afsláttarkóða til einstaklinga sem búa á nánar skilgreindum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Vegagerðin er ábyrgðaraðili verkefnisins, sem hlaut nafnið Loftbrú, og hefur haldið utan um það. Útfærsla tæknilegrar lausnar hefur verið í höndum Stafræns Íslands. Verkefnið hefur verið rekið á þjónustuvef Íslands.is og var þjónustan opnuð í september 2020.

Vegagerðin tekur undir sjónarmið umboðsmanns og er að skoða mögulegar lausnir, meðal annars í samráði við Stafrænt Ísland sem sér um hugbúnaðinn að baki Loftbrúarverkefninu.

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Kristinsdóttir
frkv.stjóri þjónustusviðs